

Umhverfisstofnun
Áb. _____
22. maí 2017
Tilv. _____

Sameinað Sílikon hf.
Stakksbraut 9
230 Reykjanesbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. maí 2017
UST201702-122/E.H.
08.08.02

Efni: Gangsetning ljósbogaofns Sameinaðs Sílikons hf.

Umhverfisstofnun vísar til bréfs dags. 25. apríl 2017 þar sem stofnunin stöðvaði starfsemi Sameinaðs Sílikons hf. og var rekstraraðila óheimilt að gangsetja ljósbogaofn verksmiðjunnar nema að fengnu leyfi stofnunarinnar. Borist hefur stöðuskýrsla ráðgjafa rekstraraðila, Multiconsult um úrbætur sem farið hefur verið í ásamt áætlun um endurræingu ljósbogaofns og mælingar loftmengunarefna sem ætlunin er að fram fari samhliða endurræingu. Framleiðandi ofnsins og ráðgjafar rekstraraðila verða viðstaddir endurræingu.

Á vegum Umhverfisstofnunar hefur úttektaraðilinn Norconsult farið yfir þær ráðstafanir rekstraraðila sem þegar hafa verið framkvæmdar og álitur að þær muni skila árangri í að draga úr lyktaráhrifum. Hlerum á ofninum hefur verið breytt til að auka lokun ofnsins, þannig að afgangshiti hækki og stuðli þannig að eyðingu óæskilegra lyktarmengandi efna. Í skýrslu Norconsult kemur fram:

„Closing false air intake to furnace, by closing the gap between operating hatches and floor at operating floor at level EL +7045 TOS. This actions taken was later verified during our inspections at the plant. United Silicon have estimated the size of this opening now closed, to be appr. 10 m². By closing this gap a large amount of false air are now reduced significantly and thus the off-gas temperature will rise accordingly.”

Auk þeirra mælinga sem kveðið er á um í starfsleyfi verða framkvæmdar viðbótarmælingar á útblæstri og í andrúmslofti fyrsta mánuðinn eftir að ofninn hefur verið ræstur. Norska rannsóknarstofnunin NILU (Norsk institutt for luftforskning) er ábyrg fyrir þeim mælingum og greiningu.

Samkvæmt mæliáætlun NILU verða eftirfarandi mælingar framkvæmdar:

1. Söfnun á VOC (rokgjörnum lífrænum efnasamböndum) í fjórar vikur á eftirfarandi stöðum og verða sýnin send til greiningar eftir að söfnunartíma lýkur.

- Síuhúsi
- Ofnhúsi
- Reykjanesbæ
- Bakgrunnsælingar utan áhrifasvæðis United Silicon

2. Söfnun á PAH (fjölhringja arómatískum vetniskolefnum) í fjórar vikur á eftirfarandi stöðum og verða sýnin send til greiningar eftir að söfnunartíma lýkur.

- Reykjanesbæ
- Helguvík
- Leirunni
- Mánagrund
- Bakgrunnsælingar utan áhrifasvæðis United Silicon

3. Skammtíamælingar á efnainnihaldi útblásturs í síuhúsi. Eitt sýni verður tekið daglega í 10 daga og send til greiningar þegar öllum sýnum hefur verið safnað.

Niðurstaða:


Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar endurbætur og telur þær til þess fallnar að draga úr lyktaráhrifum. Nánara mat á úrbótum rekstraraðila mun fara fram samhliða endurræsingu og í kjölfar þess þ.m.t. ráðstafanir til úrbóta á reykhreinsun frá ofnhúsi og annarra frávíka.

Með vísun til þess sem að framan segir heimilar Umhverfisstofnun uppkeyrslu ljósbogaofns Sameinaðs Silikons hf. Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með gangsetningunni. Stöðvist ofninn í lengri tíma en eina klukkustund skal tilkynna stofnuninni þar um svo fljótt sem auðið er. Afrit af línuriti sem sýnir afl ofnsins skal sent stofnuninni daglega fyrstu tvær vikurnar eftir gangsetningu. Senda skal sýni úr útblæstri og andrúmslofti til greiningar eins fljótt og unnt er og senda Umhverfisstofnun niðurstöður um leið og þær liggja fyrir.

Stofnunin óskar eftir tillögu rekstraraðila að dagsetningu gangsetningar ljósbogaofnsins þar sem tekið er mið af væntanlegum vindáttum til að draga úr óþægindum fyrir íbúa. Stofnunin minnir á að tilkynna þarf um gangsetningu með 48 klst. fyrirvara.

Virðingarfyllst


Kristin Linda Arnadóttir
forstjóri


Sigrún Agútsdóttir
sviðsstjóri

Afrit: Sóttvarnalæknir